

Fimmtudaginn 10. ágúst 1995 kl. 12:15

59. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 25/1995

## **Beiðni um rannsókn á viðskiptaháttum Kreditkorts hf.**

### **I.**

#### **Málsatvik**

Með bréfi dagsettu 24. mars 1995, óskaði Helgi Birgisson hdl. eftir því að Samkeppnisstofnun kannaði viðskipti Kreditkorts hf. og Gríms Grímssonar, sem og notkun fyrirtækisins á víxileyðublaði sem umbjóðandi Helga áritaði. Beiðnina byggir Helgi á 8. kafla samkeppnislaganna um eftirlit með greiðslukortastarfsemi.

Helgi Birgisson hefur fyrir hönd umbjóðanda síns höfðað skaðabótamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Kreditkorti hf. Gagnaöflun fyrir héraðsdómi er lokið, en málflutningur hefst 5. september n.k.

Málsatvik eru þau að Addbjörg Sigurðardóttir (fædd 1918) gerðist árið 1991 útgefandi að víxli fyrir tengdason sinn Grím Grímsson, var Grímur samþykkjandi og Addbjörg Grímsdóttir ábekingur. Víxillinn var „tryggingarvíxill vegna Eurocard“ greiðslukorts, og var upphæð víxileyðublaðsins óútfyllt. Með víxileyðublaðinu fylgdi yfirlýsing m.a. undirrituð af Addbjörgu Sigurðardóttur sem heimilaði Kreditkorti hf. að breyta vanskilaskuld í víxilskuld og nota til þess víxileyðublaðið.

Haustið 1993 var Grímur kominn í mikla skuld við Kreditkort hf. og fyllti fyrirtækið þá víxilinn út að fjárhæð kr. 2.912.618,70 með útgáfudag 2. september 1993. Skuldin er vegna almenns greiðslukorts og Gullkorts, bæði aðal- og aukakorts, fimm reikninga á tímabilinu 18. maí til 17. ágúst 1993. Addbjörg greiddi víxilkröfuna með áföllnum vöxtum og kostnaði þann 21. október 1994 með kr. 3.316.960.

Helgi Birgisson telur umbjóðanda sinn, Addbjörgu, einungis hafa borið ábyrgð á umsamdri úttektarheimild Gríms, en ekki því sem umfram kynni að hafa verið, og ekki úttektum aukakorthafa. Kreditkort hf. hafi farið langt út fyrir heimildir sínar við útfyllingu á víxlinum, þeir hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í viðskiptum sínum við Grím og skuld hafi safnast upp langt umfram heimildir.

## II.

### **Athugasemdir Kreditkorts hf.**

Í svari lögmanns Kreditkorts hf. kemur fram að fyrirtækið mótmæli því að óeðlilega hafi verið staðið að viðskiptum þeim, sem um ræðir í máli þessu. Víxillinn sé til kominn sem trygging fyrir viðskiptum aðilanna og Kreditkorti hf. hafi verið heimilt að breyta vanskilaskuld korthafa í víxilskuld. Krafa um framlagningu slíkra trygginga sé í samræmi við almenna viðskiptaskilmála Kreditkorts hf. Viðskiptaskilmálar sem þessir séu ekki óeðlilegir, enda sé ábyrgðarmönnum tryggingarvígla fullljóst undir hvers kyns skuldbindingar þeir gangast.

Við endurskoðun trygginga þeirra sem lágu að baki viðskiptum Gríms og Kreditkorts hf. árið 1991, lagði Grímur fram víxil þann sem um ræðir, þá hafi hann haft almennt kort sem og Gullkort, bæði aðal- og aukakort. Á árinu 1992 hafi vanskil orðið á greiðslukortum Gríms, og lokaði Kreditkort hf. þá fyrir viðskipti hans og ábyrgðarmönnum var sent bréf vegna þessa. Vanskilin voru gerð upp og opnað fyrir viðskiptin að nýju, en það skilyrði var sett af hálfu Kreditkorts hf. að útgefandi (Addbjörg) og ábekingur tryggingarvígilsins lýstu því yfir að þeir myndu ábyrgjast áframhaldandi viðskipti korthafa, þrátt fyrir vanskil hans, sem og var gert. Greiðslufall varð hjá Grími í júlí 1993 og var þá lokað fyrir úttektarheimildir hans.

Því er mótmælt að Kreditkort hf. hafi farið út fyrir heimild sína til útfyllingar vígilsins, enda í fullu samræmi við þær forsendur, sem að baki framlagningu hans lágu. Tryggingarvígillinn hafi staðið til tryggingar heildarskuldar Gríms.

**III.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Telja verður mál þetta varða réttarágreining sem heyrir undir dómstóla og eðlilegt er að þeir leysi úr. Ekki hefur enn verið lagður efnislegur dómur á þennan réttarágreining fyrir dómstólum. Málinu er því vísað frá Samkeppnisráði.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 20/1995](#)]*